

**18. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar, haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Fjarðarvegi 3 á Þórshöfn, mánudaginn 5. mars 2012, kl. 12:00**

Mætt: Steinunn Leósdóttir, formaður, Jósteynn Hermundsson, Vikar Már Vífilsson og Björgvin Þóroddsson. Jafnframt sat fundinn Gunnólfur Lárusson sem ritaði fundargerð.

**Dagskrá:**

**1. Ósk um leyfi fyrir viðbyggingu við Langanes 12 (Lyngholt).**

Óskað er eftir leyfi til að byggja við Langanesveg 12, skv. teikningum unnum af Faglausn ehf. Meðfylgjandi umsókn er undirskrifað samþykki nágretta.

Umhverfis- og skipulagsnefnd telur grenndarkynninguna fullnægjandi og leggur til við sveitarstjórn að byggingarfulltrúa verði heimilað að gefa út byggingarleyfi fyrir viðbyggingunni, enda uppfylli hún ákvæði byggingarreglugerðar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd leggur til að gerð verði nánari útfærsla á bílastæðum í sambandi við nýbygginguna.

**Samþykkt samhljóða.**

Fundargerðin upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl.12:40